

Nd.

173. Tillaga til þingsályktunar

um rannsóknarnefnd mjólkurmála.

Flm.: Gunnar Thoroddsen.

Neðri deild Alþingis ályktar að kjósa rannsóknarnefnd mjólkurmála, er skipuð skal 5 innandeildarþingmönnum. Nefndin kys sér sjálf formann og skiptir að öðru leyti með sér störfum.

Nefndin skal rannsaka og gera tillögur um þau atriði, er hér segir:

1. Að hve miklu leyti séu réttmætar margitrekkaðar umkvartanir neytenda í Reykjavík og Hafnarfirði um gallaða og lélega mjólk.
2. Orsakir þess tilfinnanlega skorts á mjólk og mjólkurafurðum, svo sem smjöri, skyrri og rjóma, sem oft hefur gert vart við sig.
3. Hversu mikið mjólkurmagn hefur á hverjum tíma verið selt hinu erlenda setuliði.
4. Hversu mikið mjólkurmagn hefur hin síðustu ár farið til neyzlu og hversu mikið til viðslu mjólkurafurða.
5. Rannsaka dreifingar- og vinnslukostnað, flutningskostnað og flutningsfyrirkomulag í héraði og til sölustaða og gera tillögur um þessi atriði.
6. Gera tillögur um, hversu auka megi mjólkurneyzlu Íslendinga, eftir að hið erlenda setulið hættir mjólkurkaupum hér.
7. Gera tillögur um, hversu bezt verði háttáð heppilegu og friðsamlegu samstarfi framleiðenda og neytenda um mjólkursöluálin.

Nefndin skal hefja störf sín og ljúka þeim svo fljótt sem verða má. Er henni samkvæmt 34. gr. stjórnarskrárinnar veittur réttur til að heimta skýrslur, munnlegar og bréflegar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum.

Greinargerð.

Síðan mjólkursölulögin voru sett 1934, hefur varla linn deilum út af stjórn og framkvæmd þessara mála. Nú hafa þær deilur enn blossað upp með óvenjulegum ákafa, og dag eftir dag fer mest af fundartíma Alþingis í heitar umræður um mjólkurálin.

Í málum þessum er margt á huldu og margir hlutir óupplýstir. Ár eftir ár hafa neytendur borið fram kvartanir um gæði mjólkurinnar, sem þeim er seld. Gleggst fiúna menn til þessa, þegar þeir koma úr sveitinni, þar sem þeir hafa drukkið ljúffenga og heilnæma nýmjólk. Neytendur hafa kvartað um, að hvað eftir annað hafi skort mjólk og ýmsar mjólkurafurðir, einkum skyr og smjör. Þannig er ástatt þessa dagana í Reykjavík, að hin átakanlegasta mjólkurekla er í bænum, en samtímis eru seldir mörg þús. lítrar á dag til hins erlenda setuliðs.

Kvartanir og fyrirspurnir hinna rúml. 40 þús. neytenda í höfuðstaðnum út af þessum atriðum og ýmsum öðrum hafa engin fullnægjandi svör fengið frá forráðamönnum mjólkurmálanna.

Það virðist sjálfsagt, að Alþingi, sem sett hefur löggjöfina um mjólkursölu, láti nú fara fram athugun á því, hvernig þessi löggjöf hefur reynzt og m. a. að hve miklu leyti umkvartanir neytendanna hafi við rök að styðjast, enda snertir þetta mál daglega fæðu þriðjungs landsmanna og lífsafkomu landbúnaðarins á Suður- og Suðvesturlandi.

Sú nefndarskipun og athugun, sem hér er farið fram á, er fjarri því að vera mál neytendanna einna. Hún er ekki síður hagsmunamál bændanna. Nú sem stendur selst öll mjólk á verðjöfnunarsvæði Reykjavíkur og Hafnarfjarðar með neyzlumjólkurverði vegna hinna miklu kaupa setuliðsins. En þegar þau kaup hverfa, er við búð, að sígi í sama farið og var fyrir stríð, að einungis hluti mjólkurframleiðslunnar

seljist sem neytlumjólk, en hitt fari til vinnslu, sem miklu lægra verð fæst fyrir og dregur því stórlega niður verðið til bænda. Mesta hagsmunamál bændanna á venju-
legum tímum er því að auka sem mest hina daglegu mjólkurneyzlu í kaupstöðun-
um. Fyrir neytlumjólkina fæst alltaf miklu herra verð en fyrir þá vinnslumjólk,
sem fer í osta og aðrar mjólkurafurðir. Það er sannfæring flm., að unnt sé á venju-
legum tímum að auka verulega hina daglegu nýmjólkurneyzlu kaupstaðarbúa. En
frumskilyrði þess, að svo megi verða, er friðsamlegt samstarf framleiðenda og neyt-
enda. Góð vara er grundvöllur sölunnar. Þegar óánægja og kvartanir umi gæði vör-
unnar koma fram, er sjálfsagt fyrir framleiðendur að fá rannsókn til þess að lag-
færa ágallana, ef réttir reynast, en þagga niður óánægjuraddirnar, ef þær reynast
órökstuddar. Rannsókn getur hvorki skaðað framleiðendur né neytendur, heldur
þvert á móti.

Þessi tillaga er flutt til þess að fá úr því skorið, hvort gagnrýnin á yfirstjórn og
framkvæmd mjólkursölumálanna sé réttmæt, og til þess að fá tillögur og reyna að ná
samkomulagsgrundvelli um þá skipan þessara mála, sem bæði framleiðendum og
neytendum sé fyrir beztu, í stað þeirrar úlfúðar, sem geisad hefur um fullan áratug
um þessi mál.

Til þess að auðvelda störf nefndarinnar og hraða þeim þykir rétt að veita henni
heimild samkv. 34. gr. stjórnarskrárinnar til þess að heimta skýrslur af þeim aðilum,
er veitt geta upplýsingar um málið.